

VIÐMIÐ UM GERÐ NÁMSKRÁA Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
2013

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vottar námskrár á grundvelli 6. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og 8. –10. gr. reglugerðar um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011. Markmið með vottuninni eru að stuðla að aukinni viðurkenningu náms sem fer fram utan formlega skólakerfisins og tryggja gæði og gegnsæi námstilboða viðurkenndra fræðsluaðila í framhaldsfræðslu. Með vottun er staðfest að námið uppfylli kröfur um skipulag, framsetningu viðmiða og námsmat. Í vottuninni felst jafnframt að viðkomandi nám hefur verið tengt við hæfniþrep í íslenskum hæfniramma og námskráin birt í námskrárgrunni mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Fræðsluaðilar í framhaldsfræðslu hafa viðurkenningu sem slíkir á grundvelli laga um framhaldsfræðslu, eða aðrir fagaðilar sem ráðuneyti telur hæfa, geta sótt um vottun námskráa. Námskrár og námsþættir eru skráðir af fræðsluaðila í námskrárgrunn ráðuneytisins og úr þeim grunni sendir fræðsluaðili formlega umsókn um vottun.

Námskrá er skilgreind sem námstilboð sem samanstendur af einum eða fleiri námsþáttum og felur í sér að lágmarki 40 klukkustunda vinnu námsmanns, í og utan kennslustunda.

Hér eru sett fram viðmið um gerð námskráa í framhaldsfræðslu. Þau nýtast fræðsluaðilum við námskrárgerð og eru höfð til hliðsjónar af ráðuneyti við staðfestingu þeirra.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti: September 2013

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgrötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: menntamálaráðuneyti.is

© 2013 Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Endurskoðuð útgáfa í janúar 2018

ISBN nr.: 978-9935-436-16-0

Hæfniþrep

Námsþættir í vottuðum námskrám í framhaldsfræðslu eru tengdir við hæfniþrep í hæfniramma um íslenskt menntakerfi. Við vottunina er staðfest að tenging við hæfniþrep sé rétt. Eftirlit með framkvæmd náms getur haft í för með sér endurskoðun þeirrar staðfestingar.

Hæfniþrepin mynda ramma um stigvaxandi kröfur án tillits til innihalds. Gert er ráð fyrir að nám í framhaldsfræðslu tengist að jafnaði hæfniþrepum 1, 2, 3 eða 4. Lýsing á viðkomandi hæfniþrepum er birt sem reglugerðarígildi í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 (sjá viðauka). Hæfniþrepin tengjast ekki tilteknu skólastigi, fræðsluaðila eða fræðsluformi. Þau gefa vísbendingu um viðfangsefni og námskröfur og er ætlað að tryggja stígandi í náminu og viðurkenningu óháð því hvar nám hefur farið fram. Miða skal við að a.m.k. 75% viðfangsefna námsþátta sé á viðkomandi þrepi.

Kynning á námskrá og markmiðum námsins

Í námskrá þarf að vera stutt lýsing á náminu, markmiðum þess, tengslum við atvinnulíf og/eða nám í skóla og stöðu námsmanna að námi loknu. Ef fyrir liggur formlegt samkomulag við einn eða fleiri framhaldsskóla um mat á námskránni til ákveðins fjölda eininga á framhaldsskólastigi kemur það fram hér.

Markmið námskráa geta verið margvísleg og má þar nefna persónulega færni eins og hæfileikann til að tjá sig af öryggi, vinna sjálfstætt og með öðrum og sýna aðlögunarhæfni. Markmið geta einnig tengst almennri færni, t.d. í tungumálum og upplýsingatækni, sem er nauðsynleg til þess að námsmenn geti hagnýtt sér það nám sem er í boði. Þá geta markmið einnig tengst aukinni faglegrri færni á tilteknum sérsviðum.

Inntökuskilyrði

Setja þarf fram þær kröfur sem nemendur þurfa að uppfylla til þess að hefja nám í viðkomandi námstilboði, þegar það á við. Þær geta t.d. varðað fyrra nám, aldur og starfsreynslu á vinnumarkaði.

Markhópur námsins

Við ritun námskráa í framhaldsfræðslu þarf að koma fram hverjum námið er ætlað því námskrár eru oft sérsniðnar að þörfum tiltekinna hópa fólks. Huga þarf að fyrri reynslu þeirra af námi, einstaklingsbundinni stöðu þeirra og þörf fyrir sérstök úrræði eða aðferðir við að læra.

Námi í framhaldsfræðslu er ætlað að veita námsmönnum með stutta formlega skólagöngu aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Þá getur námið haft þann

tilgang að veita fólki á vinnumarkaði námstækifæri við hæfi sem auðveldar því að hefja nám að nýju. Námið getur miðast við að efla starfshæfni fólks og mæta þörfum atvinnulífs fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna. Enn fremur getur námið mætt þörfum einstaklinga með skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku með hliðsjón af ójafni stöðu þeirra og hæfni. Þar geta verið einstaklingar á ýmsum aldri með mislangan starfsaldur og reynslu af ólíkum störfum. Reynsla þeirra getur verið fjölbætt sem getur verið góður grunnur til að byggja á. Langt getur verið um liðið síðan þeir voru síðast í námi og þarf að huga sérstaklega að því að styrkja þá til þess að læra vinnubrögð í námi.

Hæfniviðmið – þekking, leikni og hæfni námsmanns að námi loknu

Í hverri námskrá þarf að skilgreina eitt eða fleiri hæfniviðmið. Æskilegt er að skilgreina einnig þekkingar- og leikniviðmið.

Þekkingarviðmið segja til um þá þekkingu sem nemandinn á að hafa öðlast við lok námsins. Þekking tekur til staðreynda, lögmála og aðferða og er bæði fræðileg og hagnýt. Þekkingarviðmið eru skrifuð með eftirfarandi hætti:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á ...

Leikniviðmið segja til um þá leikni sem nemandinn á að hafa öðlast við lok námsins. Leiknin er bæði vitsmunaleg og verkleg og felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi. Leikniviðmið eru skrifuð með eftirfarandi hætti::

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að...:

Dæmi um sagnorð sem henta vel við gerð leikniviðmiða eru t.d. beita, skoða, nota, tala, skrifa, rita, reikna, teikna, miðla, framkvæma, smíða og stýra.

Hæfniviðmið segja til um þá hæfni sem nemandinn á að hafa öðlast við lok námsins. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta sér þekkingu og leikni. Hæfniviðmið geta einnig tekið til þátta eins og t.d. ábyrgðar, virðingar, víðsýni, siðferðisvitundar, sjálfstæðis, gagnrýninnar hugsunar og faglegrar ígrundunar. Hæfniviðmið eru skrifuð með eftirfarandi hætti:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að ...”

Dæmi um sagnorð og orðasambönd sem henta vel við gerð hæfniviðmiða eru t.d. afla, nýta, miðla, rökræða, útskýra, fjalla um, taka þátt, tengja við, vera virkur, vera ábyrgur, búa yfir, rökstyðja, gera sér grein fyrir, sýna skilning, sýna frumkvæði, gera, leysa af hendi, vinna og meta. Hæfniviðmið eiga að vera mælanleg.

Grunnþættir

Í lögum og reglugerð um framhaldsfræðslu eru ekki ákvæði um að í námskrám sé gerð grein fyrir því hvernig grunnþættir menntunar og lykilkærni fléttast inn í námið en gert er ráð fyrir þeim möguleika í námskrárunnum.

Grunnþættirnir eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Grunnþættirnir snúast um læsi í víðum skilningi, læsi á samfélagið, menningu, umhverfi og náttúruna. Þeir snúast líka um að byggja sig upp sem einstakling, bæði andlega og líkamlega, að hjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þá fjalla grunnþættirnir um getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í samfélaginu, breyta því og þróa.

Í námskrárunni er gerð nánari grein fyrir hverjum grunnþætti fyrir sig.

Skipulag og tilhögun náms

Lýsa þarf sérstökum áherslum námskrárinnar, svo sem hvort námið sé fyrst og fremst bóklegt, verklegt eða hvoru tveggja. Einnig þarf að tilgreina hvernig komið er til móts við sérstakar þarfir markhópsins og hvort sérstakar áherslur einkenni námið eða námsumhverfið, svo sem samvinnunám, vinnustofur, verklegt nám, bóklegt nám, starfsþjálfun og vinnustaðanám. Þá er skýrð aðkoma annarra fagaðila en kennara og annarra leiðbeinenda, svo sem náms- og starfsráðgjafa, þegar svo ber undir.

Námsmat

Gera skal grein fyrir tilhögun námsmats á almennan hátt þannig að námsmönnum og öðrum sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar.

Mat á árangri og framförum námsmanns er reglubundinn þáttur í fræðslustarfi, órjúfanlegur frá námi og leiðsögn. Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig námsmanni gengur að ná almennum hæfnivíðmiðum það stuðlar að námshvatningu og jafnframt er lagt mat á hvaða aðstoð er við hæfi hverju sinni. Námsmat veitir einnig upplýsingar um árangur fræðslustarfs og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum.

Í framhaldsfræðslu eins og í öðru námi, er mikilvægt að meta alla þætti námsins með hliðsjón af viðmiðum námskrár. Matsaðferðir þurfa að vera fjölbreyttar og fela í sér bæði leiðsagnarmat og sjálfsmat námsmanns. Þær geta falist í verkefnum af ýmsu tagi, t.d. munnlegum, skriflegum, verklegum og einstaklingsverkefnum jafnt sem hópverkefnum. Námsmat þarf að gefa vísbendingar um ástundun, virkni, vinnubrögð og framfarir námsmanns og taka tillit til sértækra námsörðugleika ef við á.

Starfsnám

Ef um vinnustaðanám eða starfsþjálfun er að ræða skal lýsa skipulagi og framkvæmd og hvort ferilbók fylgi nemanda. Munurinn á vinnustaðanámi og starfsþjálfun er sá að í vinnustaðanámi eru alla jafna gerðar meiri kröfur um markvissa, skipulagða fræðslu, leiðsögn og eftirlit en þegar um starfsþjálfun er að ræða. Í starfsþjálfun er lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að þjálfast í verkþáttum og verkferlum sem þeim hafa verið kenndir.

Vinnustundir nemenda

Vinnustundir eru reiknaðar sem vinna meðalnemanda í klukkustundum talið. Hér er átt við alla vinnu nemandans, hvort sem hún fer fram innan eða utan kennslustunda, í vinnustaðanámi, starfsþjálfun eða með þátttöku í námsmati.

Viðauki

Hæfniprep 1

- Námið felur í sér almenna menntun, þar sem lögð er áhersla á alhliða þroska nemenda og lýðræðislega virkni.
- Nám sem er skilgreint á fyrsta hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan.
- Þau viðmið eru höfð til hliðsjónar við gerð námslýsinga sem flokkast á fyrsta hæfniprep.

ÞEKKING

Nemandi býr yfir:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær,
- þekkingu á samfélagslegum gildum, siðgæði, mannréttindum og jafnrétti,
- þekkingu sem tengist því að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi,
- þekkingu sem tengist íslensku umhverfi í alþjóðlegu samhengi (s.s. menningu, samfélagi, náttúru og sjálfbærni),
- þekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám,
- orðaforða til að geta tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum og innsýn í viðkomandi menningarheima,
- þekkingu og skilning á áhrifum fyrirmynda og staðalmynda á eigin ímynd og lífsstíl.

LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt,
- taka þátt í samræðum, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra,
- vera verklega sjálfbjarga í daglegu lífi,
- beita skapandi hugsun í öllu starfi,
- vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn,
- nýta sér margvíslega tækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar á ábyrgan og gagnrýnninn hátt,
- nota fjölbreyttar námsaðferðir,
- umgangast umhverfi sitt með sjálfbærni í huga.

HÆFNI

Nemandi:

- getur tjáð hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi,
- getur tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum,
- hefur skýra sjálfsmýnd og gerir sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt,
- getur átt jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við annað fólk,
- ber virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti,
- ber virðingu fyrir náttúru og umhverfi í alþjóðlegu samhengi,
- tekur ábyrga afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar
- hefur tileinkað sér jákvætt viðhorf til náms,
- getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjärsamfélagi,
- getur tengt þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.

Hæfniprep 2

- Námið felur í sér undirbúning undir sérhæfð störf og sérhæft aðfaranám.
- Nám sem er skilgreint á öðru hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan.
- Þau viðmið eru höfð til hliðsjónar við gerð námslýsinga sem flokkast á annað hæfniprep.

ÞEKKING

Nemandi býr yfir:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í daglegu lífi og í tengslum við sérþekkingu og/eða starfsgrein,
- þekkingu sem tengist því að vera ábyrgur þátttakandi í atvinnulífinu,
- þekkingu sem tengist umhverfinu og varðar sérþekkingu og/eða starfsgrein,
- þekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám,
- orðaforða til að geta tjáð sig á erlendum tungumálum í tengslum við sérþekkingu krefjist hún þess.

LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt um sérhæfða þekkingu sína og/eða starfsgrein,
- skipuleggja einfalt vinnuferli starfsgreinar og/eða sérþekkingar og beita víðeigandi tækni í því sambandi,
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í grunnvinnubrögðum sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- taka þátt í samræðum um sérhæfða þekkingu sína og/eða starfsgrein.

HÆFNI

Nemandi:

- getur tjáð skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt,
- getur tjáð sig á einfaldan og skýran hátt á erlendum tungumálum,
- ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis,
- býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi,
- hefur skýra sjálfsmýnd og gerir sér grein fyrir nýjum tækifærum í umhverfinu,
- getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi og innan samfélags sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- getur tengt þekkingu sína og leikni við starfsumhverfi og daglegt líf.

Hæfniprep 3

- Námið felur í sér sérhæfðan undirbúning undir háskólanám, sérhæft starfsnám og listnám.
- Námsbraut, sem er skilgreind á þriðja hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér til hliðar.
- Þau viðmið eru höfð til hliðsjónar við gerð námslýsinga sem flokkast á þriðja hæfniprep.

ÞEKKING

Nemandi býr yfir:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í daglegu lífi og í tengslum við sérþekkingu og/eða starfsgrein,
- sérhæfðri þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings fyrir frekara nám,
- þekkingu sem tengist því að vera virkur og ábyrgur borgari í samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- þekkingu sem tengist umhverfinu í alþjóðlegu samhengi og varðar sérþekkingu og/eða starfsgrein,
- orðaforða og þekkingu í erlendu tungumáli sem nýtist til frekara náms eða í tengslum við sérþekkingu krefjist hún þess.

LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- tjá sig á skýran, gagnrýnninn og skapandi hátt um sérhæfða þekkingu sína og/eða starfsgrein,
- skipuleggja vinnuferli, beita viðeigandi tækni og aðferðum starfsgreinar og/eða sérþekkingar á ábyrgan hátt,
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við að leita lausna innan sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- taka ábyrgan þátt í samræðum um sérhæfða þekkingu sína og/eða starfsgrein.

HÆFNI

Nemandi:

- getur tjáð skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, gagnrýnninn og skýran hátt,
- getur tjáð sig á erlendu tungumáli sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms,
- býr yfir siðferðilegri ábyrgð í skapandi starfi,
- býr yfir ábyrgð gagnvart starfsumhverfi og hagnýtingu almennrar þekkingar sinnar,
- getur nýtt þekkingu sína til að greina ný tækifæri í umhverfinu,
- býr yfir hæfni til að geta tekist á við frekara nám,
- getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- býr yfir hæfni til að meta eigið vinnuframlag,
- sjái menntun sína í alþjóðlegu samhengi,
- getur tengt þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi.

Hæfniprep 4

- Námið felur í sér aukna faglega sérhæfingu og/eða dýpkun í tengslum við þróun og nýsköpun.
- Nám sem er skilgreind á fjórða hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan.
- Þau viðmið eru höfð til hliðsjónar við gerð námslýsinga sem flokkast á fjórða hæfniprep.

ÞEKKING

Nemandi býr yfir:

- sérhæfðri þekkingu sem nýtist til framgangs í starfi og/eða til undirbúnings fyrir frekara nám,
- sérhæfðum orðaforða í erlendu tungumáli sem nýtist til framgangs í starfi og/eða til undirbúnings fyrir frekara nám.

LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- leiðbeina og miðla þekkingu sinni á skýran og skapandi hátt,
- skipuleggja vinnuferli, beita viðeigandi tækni og þróa aðferðir starfsgreinar og/eða sérþekkingar á ábyrgan hátt,
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við að greina aðstæður og bregðast við á viðeigandi, raunhæfan og skapandi hátt.

HÆFNI

Nemandi:

- getur tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á íslensku og erlendu tungumáli sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms,
- getur tekið þátt í samræðum á grundvelli sérhæfðrar þekkingar og leikni á ábyrgan, gagnrýnninn og skýran hátt,
- býr yfir siðferðislegri ábyrgð á hagnýtingu og þróun sérhæfðrar þekkingar sinnar gagnvart starfsumhverfi,
- býr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur í samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- getur metið eigið vinnuframlag og annarra í tengslum við starfsumhverfi og/eða sérþekkingu á gagnrýnninn og uppbyggilegan hátt,
- getur tengt þekkingu sína og leikni við alþjóðlegt umhverfi.

